

Valtýr Sigurðsson hrl.

nr. 1705084

Hæstaréttarlögmaður

15.00 . 00

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri
Gránugötu 24
580 Siglufirði

26. maí 2017.

Efni: Hólsá og Leyningsá veiðistjórnun–veiðivernd

Þegar Leyningás ses árið 2012 hóf framkvæmdir við byggingu nýs golfvallar í Hólsdal var m.a. ákveðið að freista þess að bæta lífríki Hólsár. Því fóru framkvæmdir fram undir leiðsögn Bjarna Jónssonar fiskifræðings sem taldi ána hafa alla burði til að vera mjög gjöfula veiðiá. Hún hafði hins vegar spillst verulega m.a. vegna efnisnáms. Um þetta má lesa í fréttatilkynningu Leyningás 12. júní 2012 þar sem vísað er til ítarlegrar skýrslu Bjarna um málið. Leyningsás leggur áherslu á að þessi vinna skili sér fyrir íbúa Fjallabyggðar og e.t.v. fleiri. Í því sambandi sé nauðsynlegt að ákveða hvernig eigi að byggja ána upp nú þegar framkvæmdum í Hólsdal fer að ljúka.

Á fundi formanns Leyningsáss með forsvarmönnum Stangveiðifélags Siglufjarðar þeim Gunnlaugi Stefán Guðleifsson og Herði Júlíusssyni þann 10. apríl sl. var farið yfir þetta mál. Ákveðið var að leggja til við bæjarstjóra Fjallabyggðar að næstu þrjú árin verði lögð áhersla á uppbryggingu árinnar og stuðla þannig að sjálfbærri nýtingu hennar til frambúðar. Til að ná þessu markmiði ættu eftirfarandi reglur að gilda til ársins 2020.

1. Veiði í Hólsá er heimil börnum og unglungum undir 16 ára aldrí.
2. Veiði er heimil með spún, maðk og flugu.
3. Leyfilegur hámarksafli á dag eru 3 fiskar.
4. Veiðimenn skulu skrá allan afla í veiðibók sem staðsett er við Hólsárbrú.
5. Öll veiði í Hólsá er bönnuð frá 20. september ár hvert.
6. Öll veiði er bönnuð í Leyningsás.

Eftirlit með ánni er í höndum bæjarstarfsmanna/stangveiðifélagsins/ starfsmanna Valló ehf. Þessu er hér með komið að framfæri herra bæjarstjóri.

F.h. Leyningsáss ses.



